

LEIKHÚS
KVIKMYNDIR
TÓNLIST
SKEMMTANIR

Líf & fjör



UMSJÓN
Lóa
Aldísardóttir

Umferðarmerki, kaffidreggjjar og sálarmunstur

Það eru víst að koma mánaðamót. Það er a.m.k. mikill síðustusýningarhelgarbragur í galleríunum þessa helgina. Ef eins hefur farið fyrir þér og umsjónarmanni Lífs og fjörs (þ.e. farið í einlæga fylu út í veðurstofuna í júní og lagst fyrir með gluggatjöld dregin fyrir í júnífrístundunum) þá er eins víst að ekki hafi tekist að komast yfir sýningarnar sem hafa staðið yfir síðustu vikur. Sól eða ekki sól, þá eru síðustu forvöð núna um helgina til að sjá sýningar hjá:


- VAPEN (sem málar sýnir sínar eftir nánari útlistanir úr dreggjum kaffibolla) á Nelly's Café.
- Sigurði Bragasyni á tölvumyndunum hans í Gallerí Miðhæð á Nelly's Café.
- Bandaríska listamanninum Roni Horn í Galleríinu Ingólfsstræti 8 (með teikningar, ljósmyndir, bækur, texta og málmverk þar sem hvert bindi er óður um gagnkvæm hrif á milli hennar og Íslands) sem sækir innblástur til Íslands og hefur gert í 22 ár! Þetta er kona sem vissi ekki af hverju hún fór til Íslands fyrir en fór að lesa Emily Dickinson!
- 78 listamönnum á lýðræðislegu opnu sýningunni í Nýlistasafninu við Vatnsstíg. Verður nafna listamannanna ekki getið hér. Þó skal nefna Ásgerði Búadóttur sem er með ulla verk í setustofunni þeirra út mánuðinn.
- Valgarði Gunnarssyni sem sýnir munsturmyndir sínar á Sjónarhóli þar sem húfur skjóta reglulega upp á kollum. „Hugmyndirnar að þessum verkum kom



Einar Garibaldi birtir mönnum sýn sína á höfuðborgina í myndum eftir skapalónum Gatnamálastjórans í Reykjavík, á sýningu á Akureyri.

- úr ýmsum áttum,“ segir hann, „en til samans eru þær sjálfsagt framlengingar af eigin sálarmunstri.“
- Þórdísi Öldu sem er í hinu tillitssama gallerí Tehúsinu sem opið er allan sólarhringinn í garði Hlaðvarpans (þ.e. gegnum gluggann). Sýnt er 1 verk (enda rúmar húsið ekki mikið fleiri). Það heitir Leiðtogafundur 1997 og er innsetning úr tré, salati, maís og fjöðrum.
- Og svo skal nefna síðastan hann Einar Garibaldi (fyrir þá sem eru að hugsa um að bruna þessa 432 km norður til Akureyrar eftir vinnu á föstudag) sem er í Listasafninu á Akureyri með sýningu sem heitir einmitt „Frá Reykjavík“. Verkin eru ekki beinlínis hans eigin heldur „fundin“, þ.e. hann valdi nokkur skapalón hjá Gatnamálastjóranum í Reykjavík sem notuð eru við umferðarmerkingar í höfuðborginni...

HELGIN FRAMUNDAN HVAÐ ER Í BODI?



Ef ég væri ríkur

Ef þér finnst algjört möst að heyra Jóhann Sigurðarson syngja Ef ég væri ríkur, áður en þú ferð í sumarfrí, þá er nú síðasti séns því síðustu sýningar Fiðlarans á þakinu á þessu leikári eru í kvöld og annað kvöld. Ef ekki þá bíður þú bara róleg/ur til haustsins.

Ull unnin á Eyrarbakka

Konur frá ulla verkstæðinu Pingborg ætla að mæta í Byggðasafn Árnesinga, Húsið, á Eyrarbakka á morgun og hinn til að vinna ull frammi fyrir fróðleiksfúsum Sunnlendingum og öðrum. Konur hafa þrjónað og spunnið í Húsinu á síðustu öld (eins og í öðrum húsum), m.a. unnu vinnukonur og dætur faktorshjónanna allt frá nærfötum til kjóla úr íslenskri ull. Þar var líka rekin vefstofa skömmu fyrir seinna stríð.

